

Stríð og friður

BÆKUR

Stutt ágríp af sögu traktorsins á úkranísku

Marina Lewycka. 304 bls. Guðmundur Andri Thorsson þýddi úr ensku. Mál og menning 2006.

Í Stuttu ágríp af sögu traktorsins á úkranísku segir frá systrunum Nadju og Veru sem hata hvor aðra en neyðast til að standa saman þegar faðir þeirra á níraðisaldri giftist Valentínu, 36 ára þokkadís og innflytjanda frá Úkraníu. Valentína snýr brátt út skrápnum, sölsar undir sig eigur gamla mannsins og berst með stólpakjafti og bleiklökkuðum klóm fyrir vegabréfi og atvinnuleyfi til að þurfa ekki að snúa aftur heim í örbirgðina. Eftir því sem sögunni vindur fram skýrast flókin fjölskyldumál og ýmsir fortíðardraugar stíga fram. Inn í frásögnina fléttast að auki saga traktorsins sem gamli maðurinn er að skrifa á úkranísku en þar setur hann fram kenningar sínar um samhengið milli vélaverkfræði traktors og sálfræðilegrar verkfræði Stalíns (149) á árunum fyrir seinni heimstyrjöldina og um það hvernig nytsamir traktorar geta breyst í ógnvænlega skriðdreka.

Systurnar tvær eru eins og svart og hvítt. Vera er eldri, fædd á stríðstímum í Úkraníu og var um hríð í þrælkunarþúðum með foreldrum sínum. Í uppvextinum kynntist hún sulti, grimmum refsingum og sárri neyð. Nadja hefur alið allan sinn aldur á Englandi og notið vestrænna þæginda eins og ekkert sé sjálfsgaðara. Í lok sögunnar rennur það upp fyrir Nadju að fjölskyldan gekk í gegnum miklar þjáningar áður en hún fæddist og ber þess enn merki. Meðan Vera hamstrar og hrifsar með græðgi þess sem „þekkir skortsins glímütök“ er Nadja þrjósk og uppreisnargjörn og kann ekki að meta lífsins gæði. Baráttan gegn Valentínu og elliþöpum föður þeirra færir þó þær systur hvora nær annarri, ýmislegt skýrist úr fortíðinni og þær læra að skilja og meta hvor aðra í sögulok.

Nikolaj Majeviskí, faðir systranna, fær háðulega útreið sem trúgjarn og þrjóskur gamlingi. Hann er eins og aðrar karlpersónur sögunnar frekar atkvæðalítill og það eru systurnar sem bjarga honum hvað eftir annað út úr vandræðunum. Dregin er upp óhuggulega raunsæ og miskunnarlaus mynd af aumkunarverðu og illa lyktandi gamalmenni sem í barnalegri trú tekur saman við hina brjóstgóðu Valentínu til að tryggja sér umönnun í ellinni. Valentína er frekar einhæf persóna og grunn, illgjörn, sóðaleg og heimsk glyðra. Henni er samt vorkunn að sumu leyti. Hún flúði eymdina í Úkraníu til að geta búið syni sínum (og sjálfri sér ekki síður) betra líf. Þegar hún kemur til Nikolajs hefur hún eflaust búið við „Fáguðum rosknum séntilmanni sem myndi ausa yfir hana gjöfum og fá svo hægt andlát eina nóttina“ (110) en hann reynist sérvitur og erfiður og ekki nema rétt sæmilegar efnaður auk þess sem dæturnar tvær eru með nefið niðri í hvers manns koppi. Við lesturinn vakna spurningar um hvort hægt sé að áfella Valentínu fyrir það sem hún gerir. Hvað bíður hennar heima í Úkraníu annað en að þræla í amerískri verksmiðju fyrir smáanarlaun eða stunda vændi? Hið kommúníska þjóðskipulag með þjósnalegri iðnvæðingu, Gúlagi, járntjaldi og pólitískum ofsóknum Stalíns er geymt en ekki gleymt og í nútímanum er ástandið lítt skárri þar sem eiturfjábáronar og mafiur maka krókinn og vesturlönd níðast á örvæntingarfullu og ódýru vinnuafli. Allt þetta lúrir undir í sögunni og er m.a. undirstrikað af mjög svo sovéskri bókarkápu sem minnir á gamlar áróðursmyndir og kommúnistaplaköt.

Húmorinn í samtölum bókarinnar á sér betri hliðar á frummálinu einkum þegar Valentína hefur orðið með sinni bjöguðu ensku en þýðandinn, Guðmundur Andri Thorsson, gerir sitt besta við að koma bröndurunum á íslensku. Sagan er létt og fyndin en verður nokkuð langdregin um miðjuna. Viðfangsefnið er ást og elli, grimmd og kærleikur og fjölskyldan í stríði og friði. Persónurnar eru hvorki djúpar né margræðar en athygli er vakin á flóknu og viðkvæmu efni: stöðu og rétti flóttamanna og innflytjenda frá stríðshrjáðum löndum en eins og alþekkt er stefna málefni þeirra í að verða eitt stærsta vandamál sem heimsbyggðin stendur frammi fyrir.

Steinunn Inga Óttarsdóttir